

Nd.

87. Frumvarp til laga

[81. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Bjarni Guðnason.

1. gr.

Við 53. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:
Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja ráðherra og bankaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nügildandi lögum um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eru ákvæði, sem eru svo skýr, að ekki virðist leika neinn vafi á, að ráðherra hafi rétt til íhlutunar um slíkar framkvæmdir, enda er alls staðar talað um, að ráðherra hafi „yfirstjórn“ bankans (sbr. 24. gr. laga nr. 10/1961, 8. gr. laga nr. 11/1961, 8. gr. laga nr. 12/1961). Þess skal þó getið, að hæstvirtur forsætisráðherra hefur vefengt þennan rétt ráðherra (sbr. Alþt., 3, 1973, 83), og hef ég því lagt fram frv., er lúta að því að taka af öll tvímæli í þessu efni varðandi ofangreinda banka.

Hins vegar verður að teljast vafasamt, að ráðherra hafi slíkt vald yfir Búnaðarbanka Íslands, sbr. 53. gr., þar sem segir, að ráðherra hafi „umsjón“ bankans.

Verður að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að Búnaðarbanki Íslands hlíti sömu reglum og aðrir ríkisbankar, þannig að hann þurfi samþykki ráðherra, þegar hann ræðst í meiri háttar framkvæmdir.